

AUGLÝSING

um verndarsvæði í Kerlingarfjöllum – Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell í Hrunamannahreppi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndarsvæðið er 117 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell gegn orkuvinnslu, sbr. 1. gr.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti í viðauka I og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka II. Afmörkun jarðhita er dregin eftir útbreiðslu háhita samkvæmt viðnámsmælingum.

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir.

Orkuvinnsla varmaafli með uppsett varmaafli 50 MW eða meira og jarðvarma með uppsett rafafli 10 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafli 50 MW eða meira og virkjunar jarðvarma með uppsett rafafli 10 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. mars 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Kort.



Kerlingarfjallasvæði	 Friðlýst svæði	Vegur	Flatarmál: 117 km ²
	 Háviðnámskjarni	210 Vegnúmer	Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
	 Sveitarfélagamörk		Hnattstaða: ISN93
			Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ
			Dags: 05.03.2021
			© Landmælingar Íslands

VIÐAUKI II
Hnitaskrá.

Punktur	X	Y
1	494691	464325
2	495072	464114
3	495367	463861
4	495747	463399
5	495937	463044
6	495997	462880
7	496058	462625
8	496086	462368
9	496088	462111
10	496080	461935
11	496045	461698
12	495993	461477
13	495917	461261
14	495714	460890
15	495321	460417
16	494773	459958
17	494123	459367
18	493287	458731
19	492998	458441
20	492943	458335
21	492884	458054
22	492912	457740
23	492917	457440
24	492866	456892
25	492774	456555
26	492556	456029
27	492215	455475
28	491705	454924
29	491217	454562
30	490736	454325
31	490315	454188
32	489867	454107
33	488239	453982
34	487563	454011
35	487138	454094
36	486815	454212
37	486339	454444
38	485538	454930
39	484865	455017
40	484376	455168
41	483850	455388
42	483305	455657
43	482882	455950
44	482398	456375
45	482179	456611
46	481893	456990
47	481611	457494

Punktur	X	Y
48	481410	458017
49	481320	458417
50	481298	458590
51	481292	458765
52	481315	459172
53	481348	459368
54	481461	459785
55	481984	461215
56	482200	461711
57	482478	462190
58	482894	462782
59	483350	463250
60	483932	463690
61	484483	463973
62	485429	464282
63	486180	464427
64	486528	464440
65	487182	464395
66	487902	464252
67	488384	464469
68	488898	464557
69	489884	464530
70	491239	464332
71	492523	464546
72	493040	464584
73	493640	464565
74	494001	464520
75	494691	464325

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2021